

Nd.

670. Frumvarp til laga

[157. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir III. kafla laganna (37. gr.) komi nýr kafli, er nefnist:

Lánadeild smáíbúðarhúsa — og breytist kaflaskipting laganna og greinatala samkvæmt því.

2. gr.

(38. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru eða verulegu leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela má Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar.

3. gr.

(39. gr.) Ríkissjóður leggur fram 4 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

4. gr.

(40. gr.) Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera $5\frac{1}{2}$ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hvernar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáíbúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 60 þúsund krónur.

5. gr.

(41. gr.) Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnaðisþörf umsækjanda.

6. gr.

(42. gr.) Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánnum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnaði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 44/1946 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Aftan við lögin komi nýtt bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Lánskjör á fé því, sem ríkissjóður leggur fram árið 1952 til íbúðabygginga sveitarfélaga samkvæmt III. kafla laga nr. 44/1946, skulu verða þau, að ársvextir séu $5\frac{1}{2}$ af hundraði og lánstími 20 ár.